

## Fundur í skólanefnd 26. Nóvember 2013

Kl. 16:15-17:50

Fundur 161

**Mættir voru:** Ásrún, Dóra, Erna, Gunnar, Halldór, Hanna, Herdís, Lilja, Trausti, Unnur, Porkell.

**Fundarstjóri:** Erna

**Fundarritari:** Herdís

Erna kynnti tvo nýja fulltrúa í skólanefnd: Unni Sigurðardóttur sem situr fyrir hönd foreldraráðs og Ásrúnu Einarsdóttur sem situr fyrir hönd nemenda.

### 1. Erindi til bæjarráðs vegna 10. bekkinga á Raufarhöfn og Kópaskeri

Dóra og Herdís kynntu tillögu að erindi til bæjarráðs þar sem óskað var eftir stuðningi Norðurþings við að koma á fót námsveri á Raufarhöfn, og hugsanlega víðar í sveitarfélaginu. Námsverið yrði ætlað fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri sem ekki eiga þess kost að ganga í framhaldsskóla í næsta nágrenni. Nefndarfólk tók vel í tillögunum og var hún samþykkt.

Borin var upp sú hugmynd að í framhaldinu yrði rætt við Tónlistarskóla Húsavíkur um hvort áhugi væri fyrir því bjóða þessum nemendum upp á tónlistarnám á meðan á hugsanlegum námslotum á Húsavík stæði.

### 2. Skólastarfið í lok haustannar 2013

Dóra fór yfir nokkur atriði varðandi skólastarfið á haustönn:

- Nýtt foreldraráð var kosið þann 30. október.
- Skemmtikvöld var haldið á vegum NEF þann 1. nóvember þar sem Beggi blindi var með uppistand.
- Nemendur í áfanganum Listir, menning og vísindi gáfu út vefblað í byrjun nóvember.
- Nýr ritari, Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir, tók til starfa í byrjun nóvember.
- Brunaæfing var haldin í skólanum 8. nóvember og gekk vel.
- Þorgrímur Þráinsson hélt fyrirlestur í skólanum 14. nóvember við góðar undirtektir nemenda og starfsfólks.

### 3. Önnur mál

Borin var upp fyrirspurn um hvernig mötuneytismál væri á vegi stödd. Dóra sagði frá því að hún hefði farið á fund Þórgunnar skólastjóra Borgarhólsskóla og spurst fyrir um hvort framhaldsskólanemar gætu fengið aðgang að mötuneytinu sem þar er í byggingu. Þórgunnur tók vel í það og sagði sjálfsagt að taka á móti framhaldsskólanemum í mat ef tók yrðu á. Nemendur í Borgarhólsskóla gengju þó fyrir.

Dóra kynnti niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir foreldra ólögráða nemenda við skólann í október. Könnunin kom í flesta staði betur út en sambærileg könnun sem gerð var árið 2011.

Dóra sagði frá því að Gunnar Árnason taki við starfi námsráðgjafa í fæðingarorlofi Rakelar Daggar Hafliðadóttur á vorönn 2014.

Dóra sagði frá því að til standi að bjóða duglegum nemanda í FSH sumarstarf á bæjarskrifstofu Norðurbings á næsta ári. Fjármálastjóri Norðurbings átti hugmyndina að þessu verkefni og kynnti fyrir stjórnendum FSH í byrjun nóvember. Vonast er til að þetta verði til þess að hvetja nemendur áfram í námi og til góðra samskipta enda þarf nemandinn sem hreppir starfið að sýna fram á góðan námsárangur og færni í samskiptum.

Fleira var ekki rætt,  
fundi slitið.